

## **7. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 20. maí 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Sólveig Jónsdóttir, fjölmiðlafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

### **1. Fundargerðir**

Fundargerð 6. fundar frá 5. maí sl. borin upp og samþykkt.

### **2. Fundargerð FFA (fimleikar fyrir alla) frá 5. maí sl.**

#### *a. Golden Age.*

Fyrir fundinum liggur fundargerð FFA frá 5. maí sl. Þar er m.a. fjallað um fyrirhugað ferð nk. haust á Golden Age í Portúgal. Í fundargerð FFA kemur fram að um 60 þátttakendur fari á hátíðina frá Íslandi. Gert er ráð fyrir tveimur fararstjórum þar sem fararstjóri verður ekki frá ferðaskrifstofunni eins og í fyrri ferðum. Fram koma á fundi sem formaður FFA mætti á hjá Glóð í Kópavogi að þeim hópi þykir of mikið að greiða fyrir tvo fararstjóra þar sem hóparnir hafa sína eigin hópstjóra. Framkvæmdastjóri upplýsir að kostnaðarauki við að senda tvo fararstjóra með hópnum sé 5.000 krónur á hvern þátttakanda. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að tveir fararstjórar verði með hópnum og vísar þar til reynslu af fyrri ferðum á hátíðina. Málið rætt.

Stjórn FSÍ mælist til þess að sendir verða tveir fararstjórar í ferðina enda hafi kostnaðaráætlun gert ráð fyrir.

#### *b. Eurogym*

Í fundargerð FFA frá 5. maí sl. kemur ekki fram hvað margir þátttendur verða frá Íslandi á hátíðinni. Framkvæmdastjóri upplýsir að þeir séu 263 frá níu aðildarfélögum. Í fundargerð kemur fram að þátttakendur í galasýningu verði frá Ármanni, Gerplu og Akranesi.

Í fundargerð FFA er lagt til að fararstjórar verði tveir, Hrund Þorgeirsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir. Stjórn samþykkir það. Gert er ráð fyrir kostnaði vegna tveggja fararstjóra í þáttökugjöldum.

#### *c. Gymnaestrada 2011*

Í fundargerð FFA frá 5. maí sl. kemur fram að FFA harnar þá ákvörðun stjórnar FSÍ að taka ekki þátt í norrænakvöldinu á Gymnaeströdu. Einnig kemur fram að vonir standi til að hópur frá Gerplu muni bætast við hóp frá Stjórnunni sem þegar hefur ákveðið að taka þátt í hátíðinni. Þá er áhugi hjá hóp frá líkamsræktarstöð Stjórnunnar.

FFA beinir þeirri ósk til stjórnar FSÍ að samþykkja að fulltrúi verði sendur á undirbúningsfund fyrir Gymnaeströdu sem haldinn verður 3.-5. september nk. í Lausanne í Sviss.

Málið rætt.

Beiðni FFA er hafnað.

#### *d. Gym for life*

Með fundargerð FFA er kynning á keppni í hópsýningaratriðum sem er nýjung á Íslandi. FFA óskar eftir leyfi stjórnar FSÍ til að hefja undirbúning að slíku sýningarmóti nk. haust.

Málið rætt.

Stjórn lýsir yfir ánægju með framtak FFA og felur nefndinni að hefja undirbúning í samráði við framkvæmdastjóra. Stjórn samþykkir að styrkja verkefnið um 100.000 krónur.

## **6. Alþjóðlegt mót á vegum FSÍ í áhaldafimleikum karla 10.-11. september nk.**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu mála við undirbúning mótisins. Mótið verður haldið í húsnaði Ármanns. Send hefur verið tilkynning um mótið til Norðurlanda, Belgíu, Luxenborgar, Hollands og Þýskalands. Skráningarfræstur er til 15. júlí nk.

## **7. Mótahald í maí sl.**

Stjórn FSÍ þakkar öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd Vormóts FSÍ í Vestmannaeyjum sem haldið var 15. og 16. maí sl. Keppendur voru rúmlega 530 og gekk mótið mjög vel þrátt fyrir öskufall sem var í Vestmannaeyjum á meðan mótinu stóð.

## **8. Til kynningar**

- a.** Endurnýjun á samningi ÍSÍ við Flugfélag Íslands. Samningur er inn á heimasíðu ÍSÍ.
- b.** MEMOS XIV – masternám í íþróttastjórnun, sjá slóðina [www.idheap.ch/menos](http://www.idheap.ch/menos).
- c.** Fyrsti fundur vinnuhóps um afreksstefnu FSÍ var haldinn mánudaginn 17. maí sl. Fulltrúar tækninefndar karla og kvenna í áhaldafimleikum mættu á fundinn. Næsti fundur er 31. maí nk. Vinnuhópurinn mun kalla fulltrúa úr tækninefnd í hóp fimleikum til fundar 27. maí nk.
- d.** Tækninefnd í hóp fimleikum hefur skráð eftirtalin lið til keppni á Evrópumótinu í Svíþjóð nk. haust: Tvö kvennalið, Gerplu og Selfoss, eitt karlalið og landslið unglinga.
- e.** Fararstjóraskýrsla hefur borist frá Axel, fararstjóra á Norðurlandamóti karla í áhaldafimleikum.
- f.** Tækninefnd karla og kvenna í áhaldafimleikum stefna á þátttöku á heimsmeistaramótinu í október nk.
- g.** Svar hefur borist frá finnska fimleikasambandinu varðandi endurgreiðslur vegna Norðurlandamótsins í hóp fimleikum í apríl sl. Framkvæmdastóri vinnur áfram í málinu.
- h.** Um síðustu helgi voru haldnir fimleikadagar á Djúpavogi þar sem Anna Greta og Bára Ó. kenndu. Sjá heimasíðu FSÍ
- j.** Fulltrúar starfshóps um ásýnd og framkomu keppenda á mótum gerðu grein fyrir störfum nefndarinnar.
- i.** Fyrir liggur að ekki er vilji hjá Mílu til að endurnýjar samstarfssamning við FSÍ sem rennur úr gildi í ágúst nk. Undirritunin 2007 kom á góðum tíma fyrir Fimleikasambandið og nýttist okkar landsliðsfólki vel. Merki Mílu hefur verið sýnilegt á mótum FSÍ, samkomum FSÍ, í mótaskrá, á heimasíðu FSÍ, á landsliðsgöllum og bakpokum. Stjórn FSÍ þakkar Mílu kærlega fyrir samstarfið á síðast liðnum þremur árum.

Fundargerð lesin upp og staðfest af fundarmönnum.

Fundi slitið kl. 17.45.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.